



**Kveðja
til
Kópavogs og UMFÍ
frá
forseta Íslands**

Með hugsjón í brjósti og ríkan vilja til verka tók æska landsins höndum saman fyrir hundrað árum. Ungmennafélögin urðu baráttutæki, vettvangur íþróttá og umbótastarfs.

Þjóðin var þá fátæk af veraldlegum gæðum en draumurinn um sjálfstæðan rétt, fullveldi og frelsi til ákvarðana varð hreyfiafl framfara og nýrrar sóknar.

Á aldarafmælinu getur UMFÍ glaðst yfir glæsilegri sögu og fagnað því hve kröftug hreyfingin er á okkar tímum, burðarás í íþróttalífi og æskulýðsmálum Íslendinga; landsmótin jafnan vettvangur gleði og leikja, vitnisburður um aga og þjálfun, þróttmikinn undirbúning og heilbrigðan keppnisanda.

Það er fjölmenn sveit sem þar hefur í tímans rás skarað framúr, sett ný met sem mörg hver hafa lengi staðið. Afreksfólk sem náð hefur á verðlaunapall Ólympíuleika kom fyrst til leiks á landsmótum UMFÍ, íþróttahátíðum sem enn eru að ala upp nýja kynslóð til frækinna sigra.

Afmælið hefur orðið UMFÍ hvatning til að halda landsmótið nú með glæsibrag og heimamenn í Kópavogi hafa sýnt í verki hve mikils þeir meta UMFÍ og það starf sem hreyfingin hefur sinnt í heila öld.

Kópavogur hefur búið æsku sinni frábæra aðstöðu til íþróttá, keppni og leikja; mannvirkin skapa einstaka umgjörð sem eflir metnað þátttakenda.

Það er vitnisburður um rétta sýn á gæði lífsins og auðlindirnar sem mestu skipta að æskufólk skuli sett í forgang á þann hátt sem Kópavogur hefur gert.

Þótt frumherjar UMFÍ væru fyrir 100 árum bjartsýn sveit hefðu þeir ekki getað gert sér í hugarlund þá glæsilegu aðstöðu til íþróttastarfs sem Kópavogur hefur boðið hreyfingunni til afnota á þessu hátíðarári.

UMFÍ hefur átt ríka hlutdeild í uppeldi kynslóðanna sem notið hafa æskuára í Kópavogi og nú sýnir bærinn hve mikils hann metur framlagið.

Við eigum í vændum íþróttaveislu og afmælishátíð, þökk sé UMFÍ og Kópavogi.

Við Dorrit sendum Kópavogsbúum, keppendum og fjölskyldum þeirra árnaðaróskir um leið og við þökkum UMFÍ fyrir fjölmargar ánægjulegar samverustundir á umliðnum árum.

Landsmótin hafa jafnan verið okkur eins og öðrum einstök hátíð og efniviður í fjársjóð minninganna.

(undirskrift)